

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um endurhæfingu ungs fólks.

Frá Ingibjörgu Isaksen.

1. Hversu margir einstaklingar á aldrinum 18–29 ára, sem falla undir NEET-skilgreiningu um að vera ekki í námi, starfi eða starfsþjálfun, njóta þjónustu á vegum stofnana ráðuneytisins eða aðila sem ráðuneytið á í samstarfi við?
2. Hvaða rök liggja að baki þeirri ákvörðun að endurnýja ekki þjónustusamning við Janus endurhæfingu?
3. Hvernig hyggst ráðherra tryggja að ungt fólk í viðkvæmri stöðu hafi áfram aðgang að sambærilegri geðendurhæfingu og þeirri sem veitt hefur verið af Janusi endurhæfingu?
4. Eru fyrirhugaðar aðgerðir til að bregðast við stöðu þessa hóps svo að ekki verði rof á þjónustu við einstaklinga sem nú njóta endurhæfingar?
5. Hvaða framtíðarsýn hefur ráðherra um stuðning og úrræði fyrir NEET-hópin og önnur ungmenni með fjölþættar geðrænar og félagslegar áskoranir?

Skriflegt svar óskast.